

## Fundargerð trúnaðarmannaráðsfundar SFR

fimmtudaginn 11. febrúar 2010.

---

Fundarstjórar: Árni St. Jónsson og Védís Guðjónsdóttir

Fundarritari: Alma Lís Jóhannsdóttir

Árni Stefán Jónsson setti fundinn og upplýsti um leið að hann yrði að hverfa frá vegna fundar í Félagsmálaráðuneyti. Hann bauð umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur velkomna.

### 1. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra fjallaði um Kaupmannahafnarfundinn og eftirmála hans, stöðu loftlagsmála á heimsvísu og á Íslandi.

Loftlagsvandinn og hlýnun jarðar eru viðfangsefni okkar kynslóðar. Varðar ekki bara efnahag og skiptingu auðs heldur einnig grundvöll lífs á jörðinni og vistkerfin öll sagði Svandís í upphafi fundar. Þetta kemur að hennar mati við allar þjóðir heims, þó mismikið. Svandís fór yfir eftirfarandi glærur:

- Loftlagssamningur S. Þ. er rammisamningur S.Þ. um loftlagsbreytingar, samþykktur í Ríó 1992; tók gildi 1994:
  - Loftlagsbreytingar eru sameiginlegt viðfangsefni mannkyns
  - Markmið: Styrkur gróðurhúsalofttegunda (GHL) valdi ekki hættulegum breytingum
  - Ríki skuli setja upp bókhald um útstreymi GHL
  - Gera landsáætlanir um aðgerðir til að draga úr losun, bregðast við loftlagsbreytingum, aðstoða þróunarríki
  - Árleg aðildarríkjaþing: Fjallað um framkvæmd samningsins + pólitísk umræða á ráðherrastigi.
- Kyoto – bókunin; (1997)

Með Kyoto – bókuninni var verið að herða á tilteknum þáttum loftslagssamningsins, fyrir hluta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Hún er bindandi fyrir þá sem taka þátt. 70% losunar heimsins er utan Kyoto.

Lykilákvæði; Bindandi töluleg markmið í útstreymi GHL á tímabilinu 2008-2012, miðað við 1990: að meðaltali um 5% samdráttur fyrir þróuð ríki (um 37 OECD o.fl. ríki).

Markmiðum má ná með:


1. Samdrætti í útstreymi.
  2. Bindingu CO2 með skógrækt og landgræðslu.
  3. Kaupum á kvóta og „sveigjanleikaákvæðum“.
- Á árinu 2010 segja menn – Kyoto er ekki nóg! Ástæða þess:

- A. Bandaríkin eru ekki þátttakendur í samkomulaginu.
- B. Engar skuldbindingar á ört vaxandi þróunarríki, s.s. Kína, Indland og Brasilíu => um 70% losunar er utan Kyoto

- Samningarviðræður um framhald Kyoto eftir 2010

- Samningaviðræður á tveimur brautum:
  - Framhald Kyoto – bókarinnar.
  - Um eflingu loftslagssamningsins; með þátttöku Bandaríkjanna og þróunarlanda.
- Flest þróunarríki vilja einfalda framlengingu á Kyoto og veikari ákvörðun um losun annarra ríkja
- Flest þróuð ríki vilja einn samning, með jafngildar skuldbindingar milli Kyoto – ríkja og Bandaríkjanna og aukna ábyrgð stærstu og ríkustu þróunarríkanna.

- Hverjir losa GHG? – 2000 og 2025?



- Kaupmannahafnarfundurinn (COP15) – gangur mála


- Drög að samkomulagi mjög ófullburða fyrir fundinn, nokkuð mjakaðist varðandi tæknileg mál (aðlögun, tæknisamvinnu, vernd skóga, binding kolefnis o.fl.)
- Grundvallarágreiningur um hnattræn töluleg markmið, skiptingu ábyrgðar og fjármögnun – pattstaða.
- Þróunarríki: Kyoto – ríki samþykki strax nýjar skuldbindingar eftir 2012,
- Danir tilbúnir með „pakkalausn“ fyrir leiðtoga til að brjóta ísinn, fengu ekki að leggja málamiðlunartexta fram.

- Kaupmannahafnarfundurinn (COP15) – lokadagurinn

- Um 115 þjóðarleiðtogar mættir – ekkert samkomulag í auglýsning!
- Óformlegar samningaviðræður leiðtoga síðasta daginn, fyrst milli BNA og lykilþróunarhópa (Kína, Indland, Brasilía, S- Afríka, smáeyjaríki o.fl.)

- Útkoma: Þriggja blaðsíðna samkomulag með viðaukum – „Copenhagen Accord“.
  - Hart deilt um lögmæti samkomulagsins – var stutt af flestum en ekki samþykkt formlega af þinginu.
- Kaupmannahafnarsamkomulagið – helstu efnisatriði
    - Takmarka á hlýnun jarðar við 2 gráður.
    - Iðnríki áttu að tilkynna fyrir 1. febrúar 2010 um losunarmarkmið fyrir 2020. Enginn afgerandi viðbrögð.
    - Þróunarríki tilkynni um aðgerðir sem þau hyggjast grípa til fyrir 1. feb., en ekki þó fátækustu ríkin.
    - Iðnríkin gefa vilyrði fyrir um 10 milljarða dollara stuðning við þróunarríki 2010- 2012.
    - Iðnríkin gefa vilyrði um allt að 100 milljarða dollara framlög árlega 2020 til loftslagsmála, en ekki eingöngu með opinberum framlögum.
- Kaupmannahafnarsamkomulagið - mat á innihaldi og árangri
    - Er ekki bindandi hnattrænt samkomulag, heldur eins konar samstarf viljugra ríkja.
    - Gefur fyrirheit um víðtækari þátttöku í virkum aðgerðum gegn losun GHG, en ekki um alþjóðlega lagalega bindandi skuldbindingu.
    - Vantar hnattrænt markmið um losun GHG.
    - Óljós staða innan loftslagssamningsins.
    - Nýtt upphaf með víðtækri þátttöku, eða ólýðræðislegt og metnaðarlítið hliðarlagg?
- Framhald samningaviðræðna
    - Frestur til að skrifa upp á Kaupmannahafnar – samkomulag 1. feb.: um 55 ríki gerðu það.
    - Formlegar samningaviðræður halda áfram á tveimur brautum; Fundur í Bonn í júní.
    - Stefnt á bindandi samkomulag á COP – 16 í Mexíkó í nóvember.
    - Veruleg óvissa um tímasetningu og eðli nýs samkomulags, grundvallarágreiningur enn til staðar.
- Staða Íslands – helstu áherslur
    - Metnaðarfullt markmið: stöðva hlýnum við 2°C.
    - Þróuð lönd gangi á undan, en allir helstu losendur gróðurhúsalofttegunda verða með, líka BNA og stór og ört vaxandi þróunarríki (Kína, Indland, o.fl.).
    - Binding tekin til greina jafnt sem samdráttur í losun, endurheimt votlendis verði leyfð sem loftlagsaðgerð eins og skógrækt og landgræðsla.
- Tekið verði tillit til kynjasjónarmiða í ákvaðaranatöku og aðgerðum.
  - Losunarheimildir eru verslunarvara.
- Staða Íslands –samstarf við ESB
    - Ísland er hluti af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. EES – samningnum: flug fer undir losunarheimildir skv. EES árið 2012, stóriðja árið 2013.
    - Ísland með tvöfaldar skuldbindingar: EES + loftlagssamning?
    - ESB hefur samþykkt beiðni Íslands um tvíhliða samning um sameiginlegar skuldbindingar gagnvart nýju loftlagssamkomulagi.


- Engin þörf á sérákvæði fyrir stóriðju í nýju alþjóðlegu samkomulagi; hún mun eingöngu búa við regluverk ETS.
- Losunarmarkmið Íslands til 2020
  - Ísland verður eftir 2012 hluti af sameiginlegu markmiði 28 ríkja (ESB + Ísland), um að draga úr losun um 30% til 2020 m.v. 1990 ef metnaðarfullt komulag næst.
  - Markmið hvað Ísland varðar er tvíþætt:
    - Stóriðja og flug verði hluti af viðskiptakerfi ESB, gerð krafa um minnkun heildarlosunar um 21% til 2020 m.v. 2005; ATH. Þessi losun er utan „kvóta“ einstakra ríkja.
    - Önnur losun (frá samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði, úrgangi) þarf að minnka um u.þ.b. 30% til 2020 m.v. 2005- binding með skógrækt og landgræðslu kemur á móti.
- Staða loftslagsmála á Íslandi
  - Þokkaleg víska um líklegar skuldbindingar Íslands til 2020 – eigum að geta staðið við þær.
  - Óvissu um framtíð sérákvæðis vegna stóriðju eytt.
  - Góð ímynd: Ísland í hópi „loftslagsvænustu“ ríkja heims (Germanwatch); nýting endurnýtanlegrar orku; mörg nýsköpunarverkefni – hægt að bæta enn?
  - Unnið að aðgerðaáætlun, á að ljúka 1. apríl.
  - Tækifæri varðandi eldneytissparnað (bílar, fiskimjölsverksmiðjur), endurheimt vistkerfa og útflutningur á tækni og þekkingu.
  - Kolefnishlutlaust Ísland? Hvenær?



Það hefur hlýnað og það heldur áfram, um 2-4 gráður á 21. öld og hafís hefur minnkað hraðar en spáð var.

Afleiðingar loftslagsbreytinga á Íslandi eru breytingar á hafstraumum og fiskigengd; súrnun sjávar.

Svigrúm til að halda hlýnun innan tveggja gráða er mjög þröngt. Óvíst um framhald samningaviðræðna en verkefnið hverfur ekki.



## 2. Spjallað við borðið.

Rætt var í hópum um eftirfarandi spurningar:

1. Eiga stéttarfélög að leggja áherslu á að vinna að umhverfis- og loftlagsmálum?
  - Ef svo, hvernig?
  
2. Hvað getum við sem einstaklingar gert til að bæta umhverfið?
  - Samgöngumál
  - Nærumhverfi; heimili og tómstundir
  - Starfsumhverfi

## 3. Uppstillingarnefnd

Formaður uppstillingarnefndar, Ari Björn Thorarensen, kynnti niðurstöður nefndarinnar. Á síðasta trúnaðarmannaráðsfundi var uppstillingarnefnd kosin. Hún hefur hist þrisvar og talast við í síma og í gegnum tölvupóst. Verkefni nefndarinnar var að koma með hugmynd að fólki í stjórn og sjóði félagsins. Samkvæmt útskiptareglu félagsins eru 4 sæti laus í stjórn. Í síðasta SFR blaði var gefið upp netfang og fólk var beðið um að hafa samband ef það vildi stinga upp á einhverjum í stjórn og sjóði félagsins, og fékk uppstillingarnefndin nokkur viðbrögð við því. Okkar markmið var að raska ekki kynjahlutfalli.

Ari kynnti tillögu uppstillingarnefndar að stjórn félagsins:

Tillaga að formanni SFR:

- Árni Stefán Jónsson, formaður SFR

Tillaga að stjórn SFR:

- Védís Guðjónsdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands
- Ína Halldóra Jónasdóttir, Sjúkratryggingastofnun Íslands
- Friðrik Atlason, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík
- Guðmundur Garðar Guðmundsson, Landspítali Háskólasjúkrahús
- Olga Gunnarsdóttir, Skógarbær
- Ólafur Hallgrímsson, Listaháskóli Íslands
- Sigurður H. Helgason, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum
- Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Fiskistofa
- Jóhanna Sóley Gunnarsdóttir, Landspítali Háskólasjúkrahús
- Salóme Berglind Guðmundsdóttir, Fangelsismálastofnun

Umræða um tillögu uppstillingarnefndar:

- Tillaga uppstillingarnefndar að formanni og stjórn félagsins var samþykkt af trúnaðarmannaráði SFR.

Ari kynnti tillögu uppstillingarnefndar að Orlofssjóði SFR:

- Sigrún Kristjánsdóttir, Á.T.V.R.
- Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir frá Landspítala
- Sigurður Georgsson frá Menntaskólanum við Sund
- Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir frá Fiskistofu
- Vilhjálmur Pálmason (varamaður) frá Háskóla Íslands

Umræða um tillögu uppstillingarnefndar:

- Árni Stefán Jónsson formaður SFR ræddi það hvort rétt væri að Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir yrði áfram í Orlofssjóði þar sem hún gæfi kost á sér í stjórn félagsins þar sem stjórn félagsins væri með fulltrúa í Orlofssjóði. Jóhanna dró framboð sitt til orlofssjóðs til baka.
- Ólafur Hallgrímsson lagði til að Vilhjálmur yrði færður upp sem aðalmaður.
- Formaður bar þá tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt af trúnaðarmannaráði.
- Stungið var upp á Regínu Vilhjálmsdóttur sem varamanni.
- Var tillagan borin upp og samþykkt. Regína Vilhjálmsdóttir, LSR (varamaður)

Niðurstaða um tillögu trúnaðarmannaráðs í stjórn orlofssjóðs:

- Sigrún Kristjánsdóttir, Á.T.V.R.
- Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir frá Landspítala
- Sigurður Georgsson frá Menntaskólanum við Sund

- Vilhjálmur Pálmason frá Háskóla Íslands
- Regína Vilhjálmsdóttir, LSR (varamaður)

#### Vinnudeilusjóður

Ari kynnti tillögu uppstillingarnefndar að fulltrúum í vinnudeilusjóð:

- Bjarndís Marín Hannesdóttir frá Ríkislögreglustjóra
- Rannveig Sveinbjörnsdóttir frá Siglingastofnun Íslands
- Svala Norðdahl einstaklingsaðild
- Sigurður H. Helgason, Keldum
- Sigrún Geirsdóttir frá Iðjubergi (varamaður)

Umræða um tillögu uppstillingarnefndar:

- Árni Stefán Jónsson formaður SFR ræddi það hvort rétt væri að Sigurður Helgason yrði áfram fulltrúi í vinnudeilusjóði þar sem hann gæfi kost á sér í stjórn félagsins og stjórn SFR væri með fulltrúa í Vinnudeilusjóði. Sigurður dró framboð sitt til Vinnudeilusjóðs til baka.
- Lagði Árni Stefán Jónsson til að Páll Svavarsson sem er að fara úr stjórn SFR og hefur verið fulltrúi hennar í Vinnudeilusjóði yrði fulltrúi í stjórn í stað Sigurðar.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Tillaga að eftirfarandi aðilum í stjórn vinnudeilusjóðs var síðan borin upp til atkvæða og samþykkt:

- Bjarndís Marín Hannesdóttir frá Ríkislögreglustjóra
- Rannveig Sveinbjörnsdóttir frá Siglingastofnun Íslands
- Svala Norðdahl einstaklingsaðild
- Páll Svavarsson
- Sigrún Geirsdóttir frá Iðjubergi (varamaður)

#### Ari kynnti tillögu uppstillingar að fulltrúum í Starfsmenntunarsjóð:

- Anna Atladóttir frá Landspítala
- Ósk Sigurðardóttir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Páll Steinþórsson frá Ríkisskattstjóra
- Sigríður Kristinsdóttir frá Landspítala
- Ívar Bjarki Magnússon, varamaður

Var tillagan borin upp og samþykkt.

#### Ari kynnti tillögu uppstillingarnefndar að kjörstjórn:

- Eiríkur Helgason
- Eyjólfur Magnússon
- Grétar Þór Kristinsson
- Halldór Sveinn Hauksson
- Birna Kristófersdóttir

- Jóhanna Lára Óttarsdóttir (varamaður)
- Ólöf Jónsdóttir (varamaður)
- Reynir Már Ragnarsson (varamaður)
- Sölvi Arnarson (varamaður)
- Ari Björn Thorarensen (varamaður)

Var tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt

Tillaga uppstillingarnefndar um skoðunarmenn reikninga var einnig samþykkt. Og varamenn samþykktir. Þeir eru:

- Eyjólfur Magnússon
- Sigríður Jakobsdóttir
- Varamenn: Ólafur Loftsson, Ólafía Kristín Sigurgarðsdóttir

#### **4. Skrifstofuhornið**

Anna Dóra Þorgeirsdóttir kynnti tilboð orlofssjóðs. Farið var yfir það sem fram kemur í Orlofsblaði SFR sem verður sent öllum félagsmönnum í lok febrúar.

#### **5. Guðrún Halldóra Sveinsdóttir kynnti Stofnun ársins.**

Guðrún fór yfir framkvæmd á könnun Stofnun ársins 2010. Könnunin verður send út í næstu viku. Hún ítrekaði mikilvægi þess að sem flestir taki þátt í könnuninni.

Fundi slitið kl. 15:50